

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018

Ályktun **um erlent vinnuafli**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi þann 8. og 9. nóvember 2018, skorar á ríkisstjórn Íslands, velferðarráðuneyti og Alþingi Íslendinga að bæta og jafna stöðu erlends vinnuafli á Íslandi.

Í daglegu starfi hafa læknar orðið vitni að því að brotið er endurtekið á réttindum erlends vinnuafli varðandi húsnæði, laun, hvíldarrétt, öryggi á vinnustað, slysabætur, veikindarétt og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þessi hópur er í viðkvæmri stöðu gagnvart vinnuveitenda og algengt að hann þekki ekki réttindi sín. Það er mikilvægt að upplýsingagjöf til innflytjenda verði bætt, lög um starfsmannaleigur hert og viðurlögum verði beitt við brotum með þeim hætti að varnaðaráhrif þeirra verði virk.